

## Fylgiskjal.

### REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 782/2003

frá 14. apríl 2003

#### um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bandalagið hefur miklar áhyggjur af því að lífræn tinsambönd, sem eru notuð sem gróðurhindrandi efni og búnaður á skip, hafi skaðleg áhrif á umhverfið, einkum tribútýltinhúðunarefni (TBT).
- 2) Hinn 5. október 2001 var haldin ráðstefna stjórnarereindreka á vegum Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar (IMO), að viðstöddum aðildarríkjum Bandalagsins, þar sem samþykktur var alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum á skipum (AFS-samningurinn).
- 3) AFS-samningurinn er rammisamningur sem veitir möguleika á að leggja bann við að nota skaðleg, gróðurhindrandi efni og búnað á skip í samræmi við vel skilgreindar reglur og að teknu tillýðilegu tilliti til varúðarreglunnar í Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun.
- 4) Á þessu stigi er einungis bannað að húða skip með lífrænum tinsamböndum samkvæmt AFS-samningnum.
- 5) Tilteknir gildistöðudagar hafa verið settir í AFS-samninginn: 1. janúar 2003 verður bannað að nota lífræn tinsambönd á skip og 1. janúar 2008 skal vera búíð að fjarlægja öll lífræn tinsambönd af skipum.
- 6) AFS-samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en tólf mánuðum eftir að a.m.k. 25 ríki, sem ráða yfir a.m.k. 25% af skipastóli heimsins miðað við tonnatölu, hafa fullgilt hann.
- 7) Aðildarríkjunum ber að fullgilda AFS-samninginn eins fljótt og auðið er.
- 8) Skapa ber aðildarríkjunum bestu aðstæður sem völ er á til að unnt sé að hraða fullgildingu AFS-samningsins. Því ber að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem gætu komið í veg fyrir fullgildingu.
- 9) Fulltrúar á AFS-ráðstefnunni, sem gerðu sér grein fyrir því að tíminn fram að 1. janúar 2003 gæti verið of knappur fyrir gildistöku AFS-samningsins og vildu tryggja að hætt yrði að nota lífræn tinsambönd á skip frá og með 1. janúar 2003, fóru þess á leit, í ályktun sinni nr. 1, að aðildarríki Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að undirbúa framkvæmd AFS-samningsins eins fljótt og auðið væri og hvöttu viðkomandi atvinnugreinar til að hætta að markaðssetja, selja og nota lífræn tinsambönd fyrir þann dag.
- 10) Framkvæmdastjórnin samþykkti, í beinu framhaldi af AFS-ráðstefnunni, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/62/EB frá 9. júlí 2002 um niundu aðlögun að tækniframförum á 1. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (lífræn tinsambönd) <sup>(4)</sup>, í því skyni að banna, frá og með 1. janúar 2003, markaðssetningu og notkun lífrænna tinsambönda í gróðurhindrandi efni og búnað fyrir öll skip, án tillits til lengdar þeirra.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 262 E, 29.10.2002, bls. 492.

<sup>(2)</sup> Álití var skilað 11. desember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 17. mars 2003.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 58.

- 11) Í ljósi ályktunar nr. 1 frá AFS-ráðstefnunni er þörf á frekari aðgerðum áður en gripið er til ráðstafana um lífræn tinsambönd til að tryggja að almennt bann gildi um húðun skipa með tríbútyltini í öllu Bandalaginu og hafsvæðinu umhverfis það á þeim dögum sem kveðið er á um í AFS-samningnum.
- 12) Reglugerð er viðeigandi löggerningur þar eð þar eru settar fram, milliliðalaust og innan skamms tíma, nákvæmar kröfur sem útgerðir og aðildarríkin eiga að uppfylla, samtímis og á sama hátt, í öllu Bandalaginu. Tilgangurinn með þessari reglugerð er eingöngu að leggja bann við notkun lífrænna tinsambanda og skal hún ekki vera endurtekning á AFS-samningnum.
- 13) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á takmarkanir á markaðssetningu og notkun tiltekinna, skaðlegra efna og efnablandna (lífrænna tinsambanda) eins og mælt er fyrir um í tilskipun 76/769/EBE <sup>(1)</sup>.
- 14) Ekki má vera óvissa um það hvort algert bann sé við húðun með virkum tríbútyltinefnum á vettvangi Bandalagsins. Aðilum á sviði sjóflutninga um allan heim, sem þurfa að skipuleggja viðhald skipa sinna, skal tilkynnt á skýran hátt og í tæka tíð að skip, sem hafa verið húðuð með virku tríbútyltini, fái ekki aðgang að höfnum Bandalagsins frá og með 1. janúar 2008.
- 15) Þriðju lönd geta, einkum ef þau geta ekki nýtt sér þann ávinning sem fæst með yfirþjóðlegum reglugerðum af lagatæknilegum orsökum, lent í erfiðleikum við að setja eigin lög um bann við því að húða eigin skip með tríbútyltini, frá þeim degi sem bannið öðlast gildi samkvæmt þessari reglugerð. Bannið í þessari reglugerð gegn því að húða skip, sem sigla undir fána þriðja ríkis, með tríbútyltini tekur því ekki gildi fyrr en að loknu aðlögunartímabili sem hefst 1. júlí 2003 og lýkur á gildistökuþegi AFS-samningsins.
- 16) Fánaríki, sem hafa bannað að húða skip sín með tríbútyltini, hafa efnahagslegan ávinning af því að tryggja að AFS-samningurinn öðlist gildi eins fljótt og auðið er til að skapa jöfn skilyrði hvar sem er í heiminum. Þessi reglugerð ætti að vera hvatning fyrir fánaríki til að fullgilda AFS-samninginn þar sem í henni er bannað, eins fljótt og kostur er, að húða skip, sem sigla undir fána aðildarríkis, með tríbútyltini.
- 17) Skilgreiningar, sem eru notaðar í þessari reglugerð og ákvæði sem þar eru sett, ættu, eftir föngum, að byggjast á skilgreiningum og ákvæðum AFS-samningsins.
- 18) Þessi reglugerð skal einnig gilda um skip, sem eru starfrækt í umboði aðildarríkis, til að tryggja að henni sé beitt gagnvart pöllum á sjó. Hún ætti hvorki að gilda um herskip né önnur ríkisskip þar sem meðferð þessara skipa er gerð nægileg skil í AFS-samningnum.
- 19) Bann við því að húða öll skip, sem eiga rétt á að sigla undir fána aðildarríkis, með virku tríbútyltini og þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður hafa verið notuð, þeim breytt eða skipt um þau, sem gildir frá og með 1. júlí 2003, ætti að vera hvatning fyrir aðila á sviði sjóflutninga til að koma í framkvæmd tilmælunum í ályktun AFS-ráðstefnunar nr. 1.
- 20) Heppilegt er að koma á sama kerfi við skoðun og skírteinisútgáfu og kveðið er á um í AFS-samningnum. Samkvæmt þessari reglugerð ber að skoða öll skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, óháð því hvers eðlis sjóferðin er, en skip sem eru 24 metrar á lengd eða lengri, en undir 400 brúttótonnum, þurfa einungis að hafa meðferðis yfirlýsingu um að þau uppfylli kröfur þessarar reglugerðar eða AFS-samningsins. Bandalagið skal hafa rétt til að koma á samræmdu skoðunarkerfi fyrir þessi skip ef það reynist nauðsynlegt síðar meir.
- 21) Hvorki er þörf á sérstakri skoðun né yfirlýsingu þegar um er að ræða skip sem eru styttri en 24 metrar þar sem þessum skipum, einkum skemmtibátum og fiskiskipum, eru gerð nægileg skil í ákvæðum tilskipunar 76/769/EBE.
- 22) Viðurkenna ber skírteini og skjöl sem eru gefin út í samræmi við þessa reglugerð, auk AFS-skírteina og AFS-yfirlýsinga sem aðilar að AFS-samningnum gefa út.
- 23) Hafí AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 er framkvæmdastjórninni heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir sem gera skipum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, kleift að sýna fram á að þau uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, sem og ráðstafanir til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/3/EB (Stjtið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 12).

- 24) Fyrirkomulagið, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit), að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna<sup>(1)</sup> er heppilegast til að hafa eftirlit með framkvæmd banns við því að húða skip með tribútyltini og kröfum AFS-samningsins og skulu gerðar breytingar á þessari tilskipun þegar hentugt þykir. Með hliðsjón af sérstöku gildissviði þeirrar tilskipunar skulu sambærileg ákvæði gilda um skip sem sigla undir fána aðildarríkis á aðlögunartímabilinu.
- 25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(2)</sup>.
- 26) Framkvæmdastjórnin skal greina Evrópuþinginu og ráðinu frá því hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst og leggja til, ef nauðsyn krefur, að gerðar verði aðrar, viðeigandi breytingar á reglugerðinni.
- 27) Gildistaka þessarar reglugerðar skal vera með þeim hætti að unnt sé að leggja skilvirkt bann við notkun lífræna tinsambanda á skip eins fljótt og auðið er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### Markmið

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að draga úr eða útiloka óæskileg áhrif á umhverfi sjávar og heilsu manna frá lífrænum tinsamböndum sem gegna hlutverki virkra sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og búnaði sem notuð eru á skip, sem sigla undir fána aðildarríkis eða eru starfrækt í umboði þess, og á skip, sem sigla til eða frá höfnum aðildarríkjanna, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.

*2. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Gróðurhindrandi efni og búnaður“: húðunarefni, málning, efni til yfirborðsmeðferðar, yfirborð eða búnaður, notað á skip til að takmarka eða koma í veg fyrir vöxt óæskilegra lífvera.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. „Brúttótonnatala“: brúttótonnatala sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í I. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða síðari samninga sem kunna að hafa komið í stað hans.
3. „Lengd“: lengd eins og hún er skilgreind í alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa frá 1966, eins og henni var breytt með bókun frá 1988 þar að lútandi eða í síðari samþykktum sem kunna að hafa komið í stað hennar.
4. „Skip“: skip, af hvaða gerð sem vera skal, sem er starfrækt í sjávarumhverfi, þ.m.t. spaðabátar, svifnökkvar, sökkanleg för, fljótandi för, fastir og fljótandi pallar, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði.
5. „AFS-samningur“: alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og búnaði á skipum, samþykktur 5. október 2001, án tillits til þess hvenær hann öðlast gildi.
6. „Viðurkennd stofnun“: aðili sem hefur verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefnir og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda<sup>(3)</sup>.
7. „AFS-skírteini“: skírteini sem er gefið út fyrir skip í samræmi við ákvæði 4. viðauka við AFS-samninginn eða, á tilteknu aðlögunartímabili, skírteini sem er gefið út í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð þegar stjórnvald í einhverju aðildarríki, eða viðurkennd stofnun í umboði þess, gefur það út.
8. „AFS-yfirlýsing“: yfirlýsing sem er samin samkvæmt ákvæðum 4. viðauka við AFS-samninginn eða, á aðlögunartímabilinu, yfirlýsing undirrituð af eigandanum eða viðurkenndum umboðsmanni hans og samin í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð.
9. „AFS-samræmisyfirlýsing“: skjal þar sem staðfest er að uppfylltar séu kröfur 1. viðauka við AFS-samninginn sem viðurkennd stofnun í umboði stjórnvalds aðildarríkis gefur út.
10. „Aðlögunartímabil“: tímabil sem hefst 1. júlí 2003 og lýkur á gildistökudegi AFS-samningsins.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB.

3. gr.

### Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) skip sem sigla undir fána aðildarríkis,
- b) skip sem sigla ekki undir fána aðildarríkis en eru starfrækt í umboði aðildarríkis og
- c) skip sem koma til hafnar eða endastöðvar undan strönd aðildarríkis en falla ekki undir a- eða b-lið.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekin skip, sem eru um stundarsakir einungis nýtt í þágu hins opinbera til annarra nota en í atvinnuskyni.

4. gr.

### Bann við notkun lífrænna tinsambanda sem gegna hlutverki sæfiefna

Frá og með 1. júlí 2003 má ekki nota eða endurnota lífræn tinsambönd sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og búnaði á skipum.

Á aðlögunartímabilinu skulu þessi ákvæði þó einungis gilda um skip sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

### Bann við því að skip séu húðuð með lífrænum tinsamböndum sem gegna hlutverki sæfiefna

1. Skip, sem hafa rétt til að sigla undir fána aðildarríkis frá og með 1. júlí 2003 og þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður hafa verið notuð, þeim breytt eða skipt um þau eftir þann dag, skulu ekki hafa lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og búnaði, á bol sínum, ytri hlutum eða yfirborði nema á þeim sé húð sem hindrar að slík efnasambönd berist frá undirliggjandi, gróðurhindrandi efni og búnaði sem uppfylla ekki settar kröfur.

2. Frá og með 1. janúar 2008 skulu lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og búnaði, ekki vera til staðar á bolum, ytri hlutum eða yfirborði skipa, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., eða skipin skulu hafa húð sem hindrar að slík efnasambönd berist frá undirliggjandi, gróðurhindrandi efni og búnaði sem uppfylla ekki settar kröfur.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um fasta og fljótandi palla, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði sem eru smíðaðar fyrir 1. júlí og hafa ekki verið í þurrkvi á þeim degi eða síðar.

6. gr.

### Skoðun og skirteinisútgáfa

1. Eftirfarandi skal gilda um skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar skip sem sigla undir fána aðildarríkis:

a) frá og með 1. júlí 2003 skal lokið við að skoða og gefa út skirteini fyrir skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, að undanskildum föstum eða fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, í samræmi við kröfumar sem mælt er fyrir um í I. viðauka, áður en skipið er tekið í notkun í fyrsta sinn eða þegar gróðurhindrandi efnum og búnaði hefur verið breytt eða skipt hefur verið um þau,

b) skip sem eru 24 metrar á lengd eða lengri en undir 400 brúttótonnum að stærð, að undanskildum föstum eða fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, skulu hafa meðferðis AFS-yfirlýsingu til að sýna fram á að þau uppfylli kröfur 4. og 5. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., að taka upp samræmt kerfi fyrir skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar þessi skip,

c) aðildarríkjunum er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi skip sem falla ekki undir a- og b-lið til að tryggja samræmi við þessa reglugerð.

2. Eftirfarandi skal gilda að því er varðar viðurkenningu skirteina, yfirlýsingar og samræmisyfirlýsingar:

a) aðildarríki skulu viðurkenna öll AFS-skirteini frá og með 1. júlí 2003,

b) aðildarríkin skulu viðurkenna allar AFS-samræmisyfirlýsingar innan árs frá þeim degi sem um getur í a-lið,

c) aðildarríki skulu viðurkenna allar AFS-yfirlýsingar frá og með 1. júlí 2003.

Þessum yfirlýsingum skulu fylgja viðeigandi gögn (eins og kvittun fyrir málningu eða reikningur frá verktaka) eða á þeim vera viðeigandi áritun.

3. Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að gera skipum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, kleift að sýna fram á að þau uppfylli kröfur 5. gr.

7. gr.

#### Hafnarrikiseftirlit

Á aðlögunartímabilinu skulu aðildarríkin beita eftirlitsákvæðum, sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/21/EB, gagnvart skipum sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri og sigla undir fána aðildarríkis. Að því er varðar skoðun og uppgötvun brota skulu aðildarríkin fylgja ákvæðum 11. gr. AFS-samningsins.

Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., samþykka videigandi málsmeðferð fyrir þetta eftirlit.

8. gr.

#### Aðlögun

Heimilt er að breyta tilvísunum í AFS-samninginn, AFS-skirteinið, AFS-yfirlýsinguna og AFS-samræmisyfirlýsinguna og/eða viðaukana við þessa reglugerð, þ.m.t. videigandi viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að því er varðar 11. gr. AFS-samningsins, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. til að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og einkum innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eða til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar á grundvelli fenginnar reynslu.

9. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 14. apríl 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) <sup>(1)</sup> hér á eftir nefnd COSS-nefndin.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. COSS-nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

#### Mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 10. maí 2004, greina Evrópuþinginu og ráðinu frá stöðu fullgildingar AFS-samningsins og veita upplýsingar um að hve miklu leyti lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og búnaði á skipum, séu enn notuð á skip sem sigla ekki undir fána aðildarríkis og eru í ferðum til og frá höfnum Bandalagsins. Í ljósi þessarar skýrslu er framkvæmdastjórninni heimilt, ef þörf krefur, að leggja til breytingar til að tryggja að sifellt hraðar dragi úr losun skaðlegra, gróðurhindrandi efnasambanda í hafid í lögsögu aðildarríkjanna frá skipum sem sigla ekki undir fána aðildarríkis.

11. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

### Kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu að því er varðar gróðurhindrandi efni og búnað á skipum sem sigla undir fána aðildarríkis

#### 1. Skoðun

- 1.1. Skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, að undanskildum föstum og fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, skulu, frá og með 1. júlí 2003, seta eftirfarandi:
  - a) frumskoðun áður en skipið er tekið í notkun eða þegar skipið er í þurrkvi í fyrsta skipti til að nota gróðurhindrandi efni og búnað á það, og
  - b) skoðun þegar gróðurhindrandi efnun og búnaði er breytt eða skipt um þau. Tilgreina skal um slíka skoðun í skírteininu sem krafist er samkvæmt lið 2.1.
- 1.2. Standa skal þannig að skoðuninni að trygg sé að gróðurhindrandi efni og búnaður á skipi uppfylli að öllu leyti ákvæði 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.
- 1.3. Skoðun skal framkvæmd af starfsmönnum sem hafa fullt umboð til þess frá stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki eða öðru aðildarríki eða frá aðilum að AFS-samningnum eða skoðunarmanni, sem er tilnefndur í þessu skyni af þessum stjórnvöldum, eða frá viðurkenndum stofnunum sem starfa í umboði stjórnvaldsins.
- 1.4. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skoðun sem um getur í lið 1.1, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við AFS-samninginn, sem og viðmiðunarreglur fyrir skoðun og skírteinisútgáfu, að því er varðar gróðurhindrandi efni og búnað á skipum, sem fylgja með í viðauka við ályktun MEPC 101 (48) sem sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 11. október 2002, nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

#### 2. Skírteinisútgáfa

- 2.1. Þegar skoðuninni, sem um getur í a- eða b-lið liðar 1.1, er lokið skal aðildarríki, sem er ekki enn aðili að AFS-samningnum, gefa út skírteini í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Aðildarríki, sem er aðili að AFS-samningnum, skal gefa út AFS-skírteini.
- 2.2. Aðildarríki er heimilt að styðjast við AFS-samræmisýfirlýsingu til að sýna fram á að farið sé að kröfum 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar. Skírteini, sem um getur í lið 2.1, skal koma í stað þessarar AFS-samræmisýfirlýsingar í síðasta lagi innan árs frá þeim degi sem um getur í lið 1.1.
- 2.3. Aðildarríki skulu krefjast þess að skip, sem um getur í lið 1.1, hafi meðferðis skírteini sem er gefið út í samræmi við lið 2.1.
- 2.4. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skírteinisútgáfu sem um getur í lið 2.1, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við AFS-samninginn.

## II. VIÐAUKI

### Eyðublöð fyrir skírteini og skýrsla um gróðurhindrandi efni og búnað

Alþjóðlega skírteinið og skýrslan um gróðurhindrandi efni og búnað skulu vera á því formi sem sýnt er hér á eftir.

Þegar þessi eyðublöð eru einungis notuð fyrir skip, sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn, er heimilt að strika út tilvísanir í AFS-samninginn.

### ALÞJÓÐLEGT SKÍRTEINI FYRIR GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG BÚNAÐ

(Þessu skírteini skal fylgja skýrsla um gróðurhindrandi efni og búnað)

(Opinbert innsigli) (Ríki)

Útgefið samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og búnaði á skipum] <sup>(1)</sup> reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

#### Í umboði ríkisstjórnar

(heiti ríkis)

af

.....  
(viðurkendum einstaklingi eða stofnun)

Þetta skírteini kemur í stað skírteinis sem þegar hefur verið gefið út .....

Upplýsingar um skip <sup>(2)</sup>:

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Brúttótonnataka:

IMO-númer <sup>(3)</sup>:

Þetta skip hefur ekki verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003, hvorki á smíðatíma sínum né síðar .....

Þetta skip hefur verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003, en það hefur verið fjarlægt af ..... (heiti starfsstöðvarinnar) ..... (dags.) .....

Þetta skip hefur áður verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003 en hefur verið meðhöndlað með þéttihúðun af ..... (heiti starfsstöðvarinnar) ..... (dags.) .....

Þetta skip hefur verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003, fyrir 1. janúar 2003 en fjarlægja skal það eða meðhöndla skipið með þéttihúðun fyrir 1. janúar 2008 .....

<sup>(1)</sup> Má strika út þegar um er að ræða skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

<sup>(2)</sup> Einnig má koma upplýsingum um skipið fyrir lárétt í reitum.

<sup>(3)</sup> Í samræmi við kerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir auðkennisnúmer skipa.

ÞAÐ VOTTAST HÉR MED:

1. að skipið hefur verið skoðað í samræmi við [1. reglu 4. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip
2. að skoðunin hefur leitt í ljós að gróðurhindrandi efni og búnaður á skipinu uppfylla gildandi kröfur skv. [1. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

Gefið út: .....  
(Útgáfustaður skirteinis)

.....  
(Útgáfudagur) (Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skirteinid út)

Lokadagur skoðunar sem skirteini þetta byggist á: .....

<sup>(1)</sup> Má strika út að því er varðar skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.



**SKÝRSLA UM GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG BÚNAÐ**

Þessi skýrsla skal fest tryggilega við alþjóðlegt skirteini fyrir gróðurhindrandi efni og búnað.

*Upplýsingar um skip:*

Nafn skips:

Einkennisnúmer:

IMO-númer:

*Upplýsingar um gróðurhindrandi efni og búnað sem eru notuð*

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar:

Sá dagur eða dagar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð:

Heiti fyrirtækisins eða fyrirtækjanna og starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð:

Nafn eða nöfn framleiðanda eða framleiðenda gróðurhindrandi efna og búnaðar:

Heiti og litur eða litir gróðurhindrandi efna og búnaðar:

Virkt eða virk efni og CAS-númer þeirra:

Tegund eða tegundir þéttihúðunar, ef við á:

Heiti og litur eða litir þéttihúðunar sem er notuð, ef við á:

Sá dagur sem þéttihúðun fer fram:

ÞAÐ VOTTAST HÉR MED að þessi skýrsla er að öllu leyti rétt.

Gefið út: .....  
(Útgáfustaður skirteinis)

.....  
(Útgáfudagur) (Undirskrifti viðurkennds embættismanns sem gefur skirteinið út)

Áritun á skýrslurnar <sup>(1)</sup>

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ að skoðun, sem krafist er í samræmi við [b-lið 1. mgr. 1. reglu 4. viðauka við samninginn og] <sup>(2)</sup> lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip, leiddi í ljós að skipið uppfyllir kröfur [samningsins og] <sup>(2)</sup> reglugerðarinnar.

*Upplýsingar um gróðurhindrandi efni og búnað sem eru notuð*

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar: .....

Sá dagur eða dagar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð: .....

Heiti fyrirtækisins eða fyrirtækjanna og starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð: .....

Nafn eða nöfn framleiðanda eða framleiðenda gróðurhindrandi efnis og búnaðar: .....

Heiti og litur eða litir gróðurhindrandi efna og búnaðar: .....

Virkt eða virk efni og CAS-númer þeirra: .....

Tegund eða tegundir þéttihúðunar, ef við á: .....

Heiti og litur eða litir þéttihúðunar sem er notuð, ef við á: .....

Sá dagur sem þéttihúðun á sér stað: .....

Undirskrift: .....

*(Undirskrifti viðurkennds embættismanns sem gefur skýrsluna út)*

Staður: .....

Dags.<sup>(3)</sup>: .....

*(Innsigli eða stimpill yfirvaldsins)*

—

<sup>(1)</sup>Taka skal afrit af þessari blaðsíðu skýrslunnar og láta hana fylgja með henni ef stjórnvöld telja það nauðsynlegt.

<sup>(2)</sup> Má strika út þegar um er að ræða skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

<sup>(3)</sup> Lokadagur skoðunar sem áritun þessi byggist á.

III. VIÐAUKI

YFIRLÝSING VARÐANDI GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG BÚNAÐ Á SKIPUM SEM ERU 24 METRAR Á LENGÐ EN UNDIR 400 BRÚTTÓTONNUM

Samin samkvæmt

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 782/2003/EB frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip

Nafn skips: .....

Einkennisnúmer eða einkennisstafir: .....

Heimahöfn: .....

Lengd: .....

Brúttótonnatala: .....

IMO-númer (ef við á): .....

Ég lýsi því yfir að gróðurhindrandi efni og búnaður, sem eru notuð á þetta skip, uppfylla ákvæði 4. og 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

.....  
(Dags.)

.....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

**Áritun vegna gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notuð**

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru notaðar:

.....  
(Dags.)

.....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru notaðar:

.....  
(Dags.)

.....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru notaðar:

.....  
(Dags.)

.....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Nr. 825

7. september 2005

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Súgandafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 9. ágúst 2005 var samþykkt deiliskipulag fyrir 8 lóða frístundahúsabyggð í mynni Selárdals í Súgandafirði.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 7. september 2005.

**Stefán Brynjólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.